



Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti á árinu 2018.

Bæjarstjórn samþykkir með stoð í 4. mgr. 5 gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 að fella niður/lækka fasteignaskatt hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum af eigin íbúð á eftirfarandi hátt:

Afsláttur	Heildartekjur einstaklinga frá	Heildartekjur einstaklinga til
100%	0	3.364.999
80%	3.365.000	3.837.999
50%	3.838.000	4.409.999
20%	4.410.000	4.650.000

Afsláttur	Heildartekjur hjóna frá	Heildartekjur hjóna til
100%	0	5.479.999
80%	5.480.000	6.079.999
50%	6.080.000	7.184.999
20%	7.185.000	7.540.000

Reglur um lækkun/niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

Rétt til lækkunar og niðurfellingar fasteignaskatts eiga eillilífeyrisþegar (67 ára og eldri) og öryrkjar sem úrskurðaðir eru með 75% örorku eða meira.

Veittur er afsláttur í fjórum þrepum eftir tekjum viðkomandi. Bæjarráð ákvarðar tekjuviðmið fyrir einhleypa og hjón/sambýlisfólk um leið og gengið er frá gjaldskrá bæjarfélagsins fyrir næsta ár.

Ákvörðun um lækkun fasteignaskatts miðast við tekjur síðasta árs samkvæmt skattframtali. Öryrkjar eiga rétt á lækkun sama ár og þeir eru úrskurðaðir öryrkjar og örorkumat er lagt fram, og eillilífeyrisþegar frá því almanaksári að þeir ná 67 ára aldri.

Skilyrði til lækkunar er að umsækjandi sé þinglýstur eigandi að eigninni, búi í viðkomandi eign, eigi þar lögheimili, og að um sé að ræða íbúðarhúsnæði. Ekki er heimilt að veita lækkun ef íbúð viðkomandi er leigð öðrum. Eingöngu er veittur afsláttur af gjöldum af einni íbúð í eigu aðila.



Falli annað hjóna/sambýlisaðila frá á eftirlifandi rétt á að njóta hjóna/sambúðarafsláttar út álagningarárið.

Við ákvörðun um lækkun fasteignaskatts er miðað við tekjur skv. tekju- og útsvarsstofni og einnig fjármagnstekjur. Miðað er við heildartekjur skv. skattframtali ársins fyrir tekjur nýliðins árs.

Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og Ríkisskattstjóra. Til bráðabirgða verður lækkunin reiknuð út frá síðasta skattframtali (vegna tekna ársins 2016) og færð til lækkunar á fasteignaskatti á álagningarseðli. Haustið 2018 þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2017 verður afsláttur endurskoðaður og tilkynnt ef breyting verður.